



TTIP

fríverslunarsamningurinn – afvegaleiðandi og rangur fréttáflutningur



Í dag fjöllum við um hinn fyrirhugaða viðskipta- og fjárfestingasamning ESB og Bandaríkjanna,“ hinn svonefnda TTIP. TTIP er fríverslunarsamningur sem er verið að semja um þessa dagana á milli ESB og Bandaríkjanna. Samkvæmt Karel de Gucht fyrrum viðskiptastjóra ESB sem leiddi samningaviðræðurnar um TTIP fram í okt. 2014, þá er þetta samkomulag vaxtarhvetjandi, skapar auknar tekjur og hundruð þúsunda nýrra starfa.

TTIP fríverslunarsamningurinn – afvegaleiðandi og rangur fréttáflutningur

Í dag fjöllum við um hinn fyrirhugaða viðskipta- og fjárfestingasamning ESB og Bandaríkjanna,“ hinn svonefnda TTIP. TTIP er fríverslunarsamningur sem er verið að semja um þessa dagana á milli ESB og Bandaríkjanna. Samkvæmt Karel de Gucht fyrrum viðskiptastjóra ESB sem leiddi samningaviðræðurnar um TTIP fram í okt. 2014, þá er þetta samkomulag vaxtarhvetjandi, skapar auknar tekjur og hundruð þúsunda nýrra starfa. TTIP er lofað í hástert af stjórnámálamönnum og fyrrum viðskiptafulltrúum - eins og t.d. Ulrich Grillo forseta sambands þýska iðnarrarins - sem nýrri verslunarupsveiflu og kostnaðarlausu atvinnuefandi hagvaxtarverkefni. Angela Merkel kanslari Þýskalands varar við seinagangi í samningunum við TTIP og vill berjast fyrir þeim með húð og hári þrátt fyrir allan mótbýr. Hún óttast að Þýskaland og Evrópa munu draga lappirnar í alþjóðaviðskiptum ef TTIP-samkomulagið gangi ekki eftir. Þar styðst hún við rannsóknir sem renna stoðum undir jákvæð áhrif TTIP. En sérfræðingar draga slíkar spár í efa. Einn af þekktustu viðskiptahagfræðingum heims, Jagdish Bhagwati, prófessor við háskólann í Columbia - segir að forsendur sem þessar rannsóknir byggja á, séu í meira lagi vafasamar. Því var t.d. haldið fram að á milli Þýskalands og USA ykjust viðskipti um heil ótrúleg 80 % og að engar yrðu gengissveiflur. IFO, leiðandi evrópsk efnahagsrannsóknarstofnun sem þýska ríkisstjórnin lét vinna fyrir sig rannsókn um áhrif fríverslunarsamningsins, studdi þessar ofurbjartsýnu rannsóknir engan veginn. Prófessor Gabriel Felbermayr, aðalhöfundur allra þýska rannsókna um TTIP, segir að bjartsýnustu spár sæu einungis fram á 0,4% atvinnuaukningu. Svo vitnað sé í hann sjálfan: „Það eru stjórnálin og efnahagsráðuneytið sem selur þessi lágu gildi sem atvinnukraftaverk.“ Hann ásakar ennfremur ríkisstjórnina og Evrópusambandsráðið um ójafnvægi í upplýsingastefnu. Hún lofi ESB 120 milljörðum evra hagvexti. En Felbermayr segir að í raun þýði þessi ofurtala ekki nema örlítinn vöxt, rétt um 0,5% vöxt á 10 árum. Fyrsta virkilega hlutlausu rannsóknin á afleiðingum fríverslunarsamningsins var unnin af GDAE „Global Development and Environment Institute“ við bandaríska Tufts háskólann. Niðurstaða þeirra reynist hörmuleg fyrir Evrópu: 583.000 atvinnutækifæri myndu glatast innan Evrópusambandsins til ársins 2025. Fækkunin kæmi harðast niður á Þýskalandi, Frakklandi og norðurevrópsku löndunum. TTIP hefði það í för með sér að útflytningur drægist saman með þeim afleiðingum að brúttóframleiðsla innanlands, skattatekjur og nettóinnkoma heimilanna minnkaði. Sér í lagi þeir launþegar

innan ESB sem sinna ófaglærðum störfum, fyndu fyrir launaprýstingi. Hinsvegar lítur niðurstaðan miklu betur út fyrir Bandaríkin. Vegna TTIP myndu þau skila hagnaði á öllum sviðum. Enn annar hópur sem myndi hagnast á TTIP eru fjölþjóðlegu stórfyrirtækin og hlutabréfamarkaðirnir. Þeir fá að þrútna sérstaklega mikið út, nokkuð sem færir spákaupmönnum og sérstaklega hinum ofurríku mikinn ágóða í aðra hönd.

Kæru áhorfendur, takið þið eftir því hvernig algerlega er sneytt framhjá hinum alvarlegu áhrifum TTIP í opinberri umræðu og í fréttaumfjöllun kranafjölmiðlanna? Þess í stað afvegaleiðir opinber umræða okkur burtu frá hræðilegum afleiðingum samningsins fyrir Evrópu, t.d. með því að lofa því að hinar svokölluðu klórhænur, sem dýft er ofan í klórbað í Bandaríkjunum, fái ekki innflutningsleyfi til Evrópu. Né heldur genabreyttur mais - og að ekki verði snert við neytendalöggjöf. Ennfremur er því lofað að hinir svonefndu gerðardómstólar megi hvorki ráðast gegn landslögum né evrópulögum. Samkvæmt grunnlöggjöf TTIP er gert ráð fyrir að þessi alþjóðlegu og óháðu dómsstig séu æðri landsdómi. Eins er því lofað að hægt sé að undanskilja fjárfestavernd. Með fjárfestavernd er meint að ef erlendum fjárfestum finnist þeim mismunað af lögum og reglugerðum ríkja, geti þeir ákært. Þessum loforðum er nú hampað gagnvart Evrópubúum sem miklum sigri samningastjórnarinnar. Við sjáum síðan til hvort þau rati rétta leið inn í lokagerð samkomulagsins. Yfir hinu er hinsvegar þagað að þegar upp er staðið munu launþegar ESB verða láglaunaþegar á mörgum svæðum, og geta álitnið sig mikla hamingjuhrólfa að hafa yfir höfuð atvinnu. Þessi blekkingarvefur er bara mögulegur vegna einhliða, ónæggra eða rangra upplýsinga til fólks frá stjórnámálamönnum og fjölmiðlum, sem mögulega hafa ekki heill þjóðarinnar að leiðarljósi. Hjálpa líka þú til við að koma slíkri þróun sem fyrst í ljósið – sendu kvartanir þínar inn til Kla.TV og breiddu þessar fréttir út.

eftir hg.

Heimildir:

www.divan-ev.de/eu-freihandelsabkommen/ttip-ein-jobmotor/

<http://deutsche-wirtschafts-nachrichten.de/2014/11/14/unabhaengige-studie-ttip-vernichtet-in-europa-583-000-arbeitsplaetze/>

<http://deutsche-wirtschafts-nachrichten.de/2014/12/13/mit-haut-und-haaren-merkel-will-ttip-gegen-alle-widerstaende-durchkaempfen/>

Þetta gæti þér líka þótt áhugavert:

Kla.TV – Hinar fréttirnar ... frjálsar – óháðar – óritskoðaðar ...



- það sem fjölmiðlar ættu ekki að þegja um ...
- fáheyrt frá fólkinu, für das Volk ...
- reglulegar fréttir á www.kla.tv/is

Það borgar sig að fylgjast með!

Ókeypis áskrift með mánaðarlegu fréttabréfi á netfangið

þitt færðu hér: www.kla.tv/abo-is

Ábending öryggisins vegna:

Mótraddir eru því miður æ oftast þaggaðar niður eða þær ritskoðaðar. Svo lengi sem flytjum ekki fréttir samkvæmt áhuga og hugmyndafræði kerfispressan getum við sífellt reikna með því að leitað sé eftir tilliástæðum til þess að loka fyrir eða valda Kla.TV skaða.

Tengist því í dag óháð internetinu! Smellið hér: www.kla.tv/vernetzung&lang=is

Licence:  *Creative Commons leyfi sé höfundar getið*

Við útbreiðslu og deilingu skal höfundar getið! Efnið má þó ekki kynna tekið úr því samhengi sem það er í. Stofnunum reknum af opinberu fé (RÚV, GEZ, ...) er notkun óheimil án leyfis. Brot á þessum skilmálum er hægt að kæra.